

Áveitan

10. tbl. 9. árgangur. Október 2015

Tónahátíð 2015

Hundur í óskilum í Þingborg

Laugardagskvöldið 10. október hefst Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahreppi þegar dúettinn Hundur í óskilum stígur á svið í Þingborg. Dúettinn skipa þeir Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur Stephensen en þeir hafa fyrir löngu öðlast landsfrægð fyrir að leika á fjölda óvenjulegra hljóðfæra og spila jafnt lög annarra tónistarmanna sem eigið efni í spaugilegum útsetningum. Húsið opnað kl. 20:30. Miðaverð: 2.500 kr. Forsala miða hjá Ingu í síma 691 7082 og Kristínu í síma 692 8565

Söngkvöld í Þjórsárveri

Fyrsta vetrardag laugardaginn 24. október verður haldið söngkvöld í Þjórsárveri þar sem Ingi Heiðmar Jónsson spilar undir fjöldasöng ásamt Þorvaldi Erni Árnasyni. Söngvöldið hefur verið haldið í áraradri undir dyggri stjórn Inga Heiðmars sem spilar gamlar og nýjar söngperlur. Skemmtunin hefst kl. 20:30 í Þjórsaveri. Húsið opnað kl. 20:00. Miðaverð: 1.000 kr. Forsala miða hjá Ingu í síma 691 7082 og Kristínu í síma 692 8565

Framhald fréttar á bls. 3



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Nú stendur yfir vinna við aðalskipulagsgerð í Flóahreppi. Stýrihópur vegna vinnunnar hefur fundað tvisvar í september og farið yfir lýsingu að aðalskipulagsgerðinni og unnið í samræmingu á texta greinargerðar sem þarf að fylgja gögnunum. Framundan eru fundir með hagsmunaaðilum í Árborg vegna Laugadælasvæðisins, hestamönnum vegna reiðvega og Vegagerðinni vegna hugsanlegra breytinga á veglínunum og hugmynda um 1 + 2 veg frá Selfossi að Þjórásarbrú. Í þessari vinnu er einnig farið yfir flokkun samgönguleiða og þá ræddar m.a. skilgreiningar á samgönguleiðum tengivegir, héraðsvegir, reiðleiðir, hjólaleiðir og gönguleiðir.

Landnotkunarflokkum hefur fjölgað í takt við atvinnuþróunina og þegar rætt er um framtíðar atvinnuuppbyggingu hefur stýrihópurinn velt því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að skilgreina stærri ferðaþjónustustaði sem þjónustusvæði eða ekki. Í nýjum skipulagslögum er gert ráð fyrir að afþreyingar og ferðaþjónustusvæði séu skilgreind í aðalskipulaginu. Kirkjugarðar og opinber þjónusta eru skilgreind sem samfélagsþjónustusvæði, en íþróttasvæði eru skilgreind sérstaklega. Greinilegt er að bæta þarf inn í eldri greinargerðir nýjum ferðaþjónustuaðilum. Til skoðunar er hvort íbúðalóðir á Þingborgarsvæði verði teknar út úr skipulagi.

Stuðlað verður að uppbyggingu iðnaðar. Til skoðunar er hvort gefa eigi heimildir fyrir litlum vindrafstöðvum (20 m) og hvort það séu eðlileg stærðarviðmið. Einn virkjanarkostur Urriðafoss er skilgreindur í Flóahreppi. Nýr landnotkunarflokkur, „Varúðar- og öryggissvæði“ er hugsaður fyrir virkjanir í biðflokki. Flóðasvæði eru skilgreind undir náttúruvá. Vangaveltur eru um skilgreiningu á svæði í kringum Flóðgáttina. Athafnasvæði eru skilgreind og er landsvæðið sem er undir starfsemi í Heiðargerði skilgreint sérstaklega.

Fjaran er eina svæðið í Flóahreppi sem fær skilgreiningu sem „óbyggt svæði“. Skoða þarf hvort Flóáaveitan eigi að falla undir skilgreiningu hverfisverndar. Athuga þarf einnig hvort ástæða sé til þess að Gamla Þingborg og nærsvæðið ásamt Austur Meðalholtum falli undir hverfisvernd vegna menningarminja.

Vatnsverndarsvæði hafa verið til skoðunar og þá helst hvort ekki sé ástæða til þess að minnka þau. Allt bendir til þess að öll svæði sem liggja neðar en lindirnar gætu farið úr vatnsvernd sem gefur þá möguleika á að minnka þau sem því nemur.

Svona gæti ég haldið áfram því margt annað hefur verið rætt og einnig um mikilvægi þess að raddir íbúa og hagsmunaaðila nái að borðinu. Næsti íbúafundur er áætlaður 18. nóvember og hvet ég ykkur til þess að kynna ykkur gögn á vef sveitarfélagsins og vef Steinsholts sf varðandi skipulagsvinnuna til þess að auðvelda ykkur aðkomu að verkefninu fyrir þann tíma.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Framhald af forsiðu:

Við eigum samleið

Föstudagskvöldið 6. nóvember lýkur Tónhátíð á stórtónleikum í Félagslundu undir yfirskriftinni *Við eigum samleið*. Þá munu þau Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Beinteinsdóttir og Jógvan Hansen flytja íslenskar dægarflugur við undirleik hljómsveitar. Þetta er söngdagskrá sem flutt hefur verið af þessu þríeyki í Salnum í Kópavogi og selst upp á skömmum tíma. Húsið opnað kl. 20:00, tónleikar hefjast kl. 20:30. Forsala miða hjá Ingu í síma 691 7082 og Kristínu í síma 692 8565.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Haustfundur kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 15. október kl.20:30. Vonumst eftir því að sjá ykkur sem flestar hressar og kátar.

Nýir félagar ávallt velkomnir. Bestu kveðjur stjórnin.

Kaffihópur: Guðbjörg Jónsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir, Jónína Einarsdóttir, Svanhvít Hermannsóttir, Elsa Birna Björnsdóttir og Gunnur Gunnarsdóttir.

Pistillinn

Ég vil byrja á að þakka Árna Eiríkssyni fyrir áskorunina og gríp áhersluna í Pistlinum hans á lofti. Já það er gott að búa í Flóanum og það er líka gott að vinna í Flóanum. Hér í Flóahreppi hefur mér verið vel tekið og ég fæ að spreyta mig á verðugum verkefnum. Ég hef gert mér far um að kynna umhverfinu bæði akandi, gangandi og ríðandi og hafa þessi ferðalög mín ekki valdið mér vonbrigðum, þó sumsstaðar hefðu akvegirnir mátt vera betri. Sjálf hef ég alltaf verið sveitastelpa að upplagi og lengst af átt þess kost að búa í dreifbýlinu. Ég nýt þess að skoða landið og áhrif menningarinnar á það. Ólst upp á býli foreldra minna í Hvíteyrum í Skagafirði sem fluttu þangað með mig nýfædda 19. júní 1960. Námsárin mín átti ég í Hérðaðsskólanum í Reykholti, Bifröst í Borgarfirði og Reykjavík. Eftir að námi lauk stoppaði ég 3 ár í Mosfellssveitinni, nú Mosfellsbæ, síðan ábúandi í Laxárnesi í Kjósarhreppi frá árinu 1988 til 1996, þegar ég flutti Ásahrepp.

Það var gaman að alast upp í skagfirskri sveit á uppgangstíma í landbúnaði. Blönduð bú blómstruðu og stækkuðu á þeim tíma en urðu ekki stærri en svo að kjarnafjölskyldan náði að halda utan um reksturinn. Uppbygging fór fram hægt og örugglega og markmiðum náð á lengri tíma en í dag bæði varðandi ræktun og afkomu. Allir á heimilinu komu að vinnunni á búinu strax og möguleiki var á því og á sumrin bættust í hópinn fleiri krakkar sem komu í sveitina yfir sumarið. Flestir íbúar sveitarinnar lifðu af landbúnaðinum og þjónustu við hann og íbúana. Mjólkurbílstjórinn gegndi mikilvægu hlutverki, þekkti alla í sveitinni og sá líka um að flytja póstin og ýmsan varning fyrir fólkið heim á bæina. Kaupfélagið eða slátursamlagið sáu um að koma afurðum bænda í verð. Peningar voru ekki mikið í umferð, innleggin sköpuðu inneign sem nýtt var til reksturs á heimli og búi. Ekki fyrir löngu var ég að grúska í gömlum pappírurum í Skagafirðinum og sá þar meðal annars úttektarmiða frá árinu 1962, fyrir vörum sem mjólkurbílstjórinn hafði kvittað undir og flutt heim. Á honum stóð meðal annars, “1 stk skrúbbur, 1 stk. þvottabali, 25. kg hveiti annað eins af sykri 3 kg. smjörlíki, kaffibaunir..... Sendingin skilin eftir á afleggjaranum heim að bænum eins og tómu mjólkurbrúsarnir. Skyr, smjör og önnur mjólkurvara kom í gegnum mjólkursamlagið og var send heim, eftir pöntunum í tómunum mjólkurbrúsum sem komu heim frá mjólkursamlaginu. Allt bakað og

eldað heima og alltaf einhver heima þegar við stelpurnar komum heim úr skólanum. Rómantísk sýn á uppvaxtarárin sem einkenndust að miklu leyti af einfaldleika og jafnframt áhyggjuleysi. Þetta er umhverfi sem ég held að þeir íbúar hér í Flóahreppi sem eru á mínum aldri hafi líka alist upp í og skapað ræturnar sem þeir eiga hér.

Það er margt sem hefur breyst á þeim tíma sem ég var á leiðinni úr Skagafirðinum í Flóann. Um leið og búum fækkaði og þau stækkuðu hefur skapast svigrúm fyrir aðrar atvinnugreinar og samsetning atvinnugreinanna hefur orðið fjölbreyttari. Mjólkurbíllinn kemur aðeins á örfáa bæi í dag og flestar vörur sækja íbúarnir í búðina sjálfir. Hraðinn er orðinn meiri og kröfur orðnar til, um hluti og tækni sem okkur finnst lífsnauðsynlegt að hafa eða eiga.

Flóahreppur er landfræðilega vel staðsettur og því hefur orðið eftirsóknarvert að setjast þar að, vinna í fyrirtækjum heima við eða stunda vinnu annarsstaðar, íbúaþróun því verið jákvæðari en víðast hvar á dreifbýlum svæðum. Ungar fjölskyldur sest að og skólar og leikskólar vaxið vel og dafnað eftir sameiningu hreppanna þriggja. Bakgrunnur íbúa því orðinn fjölbreyttari en var, en öll leggjum við okkar að mörkum til þess að skapa gott samfélag.

Nú er í gangi vinna við aðalskipulagsgerð í Flóahreppi. Þessi vinna fer fram í samráði við íbúa og hagsmunaaðila og markmiðið með vinnulaginu er að gefa sem flestum tækifæri til þess að hafa áhrif á það hvernig umhverfinu okkar er ráðstafað. Hagsmunir eru oft ólíkir og mjög mikilvægt að fram fari samræða sem dýpkar skilning okkar á þörfum hinna ýmsu hagsmunahópa og íbúanna hvers og eins. Með samræðunni og upplýstri ákvarðanatöku skapast grundvöllur til sáttar, málamiðlana og að því að sem flestir geti látið drauma sína rætast í sátt við nágranna og náttúru á svæðinu.

Að lokum skora ég á Iðunni Ýr Ásgeirsdóttur að koma með næsta „Pistil“ í Áveituna.

Eydís Indriðadóttir

Við hjá Dönsum á Selfossi erum komin af stað með dansleikina okkar í Hliðskjálfi (félagsheimili hestamanna á Selfossi) dansleikir verða öll þriðjudagskvöld frá kl. 19.00 - 23.00 einnig erum við með æfingakvöld í línudönsum kl. 20.00 öll mánudagskvöld og eru allir velkomnir að taka þátt með okkur.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn fimmtudagskvöldið 15. október klukkan 20:30 í Félagslund. Efni fundar: Starfið í vetur og fleira skemmtilegt. Kveðja, stjórnin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Haustfundur

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárverri, fimmtudaginn 22. október kl. 20.30.

Ýmis málefni verða til umræðu varðandi vetrarstarfið ásamt uppgjöri fyrri verkefna.

Mætum nú vel og byrjum vetrarstarfið af krafti.

Kaffikonur: Alda Hermannsd, Halla Aðalsteinsdóttir, Helena Hólm, Rósa Matthíasd, og Aðalheiður Sveinbjörnsd.

Hlakka til að sjá ykkur, Sólveig Þórðard. formaður

Prjónakvöld

Við kvenþjóðin ætlum að hittast í Þjórsárverri tvö kvöld í október, gera einhverja handavinnu og spjalla saman um það sem efst er á baugi. Um er að ræða mánudagskvöldin 12. og 26. október frá kl. 20:30. Allar velkomnar bæði kvenfélagskonur og aðrar.

Prjónanefndin

Úrslit af Flóamóti

Flóamótið fór fram í prýðilegu veðri föstudaginn 4. september sl. Þátttaka var góð, sérstaklega í yngsta flokknum. Að keppni lokinni var boðið upp á grillaðar pylsur og allir keppendur fengu verðlaunaskjal.

60 m hlaup

1.-4. bekkur stelpur

1.	Soffía Náttól Andradóttir	12,0 sek
2.	Svandís Sævarsdóttir	12,1 sek
3.	Þórunn Sturludóttir Schacht	12,2 sek
4.	Jórunn Fríða Bjarnadóttir	12,8 sek
5.	Ásta Dís Ingimarsdóttir	13,2 sek
6.	Eva Bragadóttir	13,7 sek
7.	Karólína Þórbergsdóttir	13,9 sek
8.	María Brá Baldursdóttir	14,0 sek
9.	Ólöf Vala Heimisdóttir	14,0 sek
10.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	14,2 sek
11.	Ásdís Eva Magnúsdóttir	14,5 sek
12.	Magnea Bragadóttir	15,8 sek
13.	Ásta Björg Jónsdóttir	16,5 sek

1.-4 bekkur strákar

1.	Viðar Hrafn Victorsson	10,4 sek
2.	Auðunn Ingi Davíðsson	10,8 sek
3.	Hjalti Geir Jónsson	11,1 sek
4.	Oddur Olav Davíðsson	11,2 sek
5.	Helgi Reynisson	11,9 sek
6.	Benjamín Magnússon	12,5 sek
7.	Hjörleifur Rúnarsson	13,6 sek
8.	Óskar Freyr Sigurðsson	13,9 sek
9.	David Örn Sævarsson	14,0 sek
10.	Ingólfur Brynjar Ingólfsson	14,1 sek
11.	Guðni Bóas Davíðsson	14,8 sek
12.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	15,6 sek
13.	Jón Oliver Rúnarsson	16,1 sek
14.	Þórarinn Ingvarsson	17,4 sek
15.	Björgvin Guðni Sigurðsson	18,2 sek

5.-7. bekkur

1.	Sæþór Atlason	9,5 sek
2.	Daði Kolviður Einarsson	9,9 sek
3.	Unnsteinn Reynisson	10,0 sek
4.	Sigurjón Reynisson	10,8 sek
5.	Símon Martinsson	12,1 sek
6.	Victor Örn Victorsson	12,2 sek

100 m hlaup 8.-10. bekkur

1.	Stefán Narfi Bjarnason	13,4 sek
2.	Dagur Fannar Einarsson	13,7 sek
3.	Jónatan Magnússon	15,8 sek
4.	Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir	18,1 sek

Langstökk

1.-4. bekkur stelpur

1.	Soffía Náttól Andradóttir	2,66 m
2.	Svandís Sævarsdóttir	2,60 m
3.	Þórunn Sturludóttir	2,38 m
4.	Lára Bjarnadóttir	2,37 m
5.	María Brá Baldursdóttir	2,23 m
6.	Laufey Árnadóttir	2,22 m
7.	Arna Steinarsdóttir	2,11 m
8.	Ásta Dís	2,08 m
9.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	2,06 m
10.	Eva Bragadóttir	2,06 m
11.	Magnea Bragadóttir	2,03 m
12.	Auður Sesselja Jóhannesdóttir	1,99 m
13.	Ólöf Vala Heimisdóttir	1,91 m
14.	Karólína Þórbergisdóttir	1,84 m
15.	Ásta Björg Jónsdóttir	1,49 m

1.-4. bekkur strákar

1.	Oddur Olav Davíðsson	3,16 m
2.	Hjalti Geir Jónsson	3,02 m
3.	Auðunn Ingi Davíðsson	2,96 m
4.	Viðar Hrafn Victorsson	2,90 m
5.	Helgi Reynisson	2,90 m

6.	Benjamín Magnússon	2,44 m
7.	Óskar Sigurðsson	2,35 m
8.	Hjörleifur Rúnarsson	1,68 m
9.	Ingólfur Brynjar Ingólfsson	1,64 m
10.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	1,63 m
11.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	1,60 m
12.	Björgvin Sigurðsson	1,57 m
13.	Jón Oliver Rúnarsson	1,45 m

5.-7. bekkur

1.	Sæþór Atlason	3,70 m
2.	Sigurjón Reynisson	3,40 m
3.	Unnsteinn Reynisson	3,40 m
4.	Daði Kolviður Einarsson	3,28 m
5.	Símon Martinsson	2,84 m
6.	Victor Örn Victorsson	2,75 m

8.-10. bekkur

1.	Stefán Narfi Bjarnason	4,81 m
2.	Dagur Fannar Einarsson	4,47 m

Kúluvarp

1.-4. bekkur stelpur

1.	Lára Bjarnadóttir	4,68 m
2.	Þórunn Sturludóttir	3,33 m
3.	Soffía Náttól Andradóttir	3,20 m
4.	Laufey Árnadóttir	3,00 m
5.	María Brá Baldursdóttir	2,98 m
6.	Ólöf Vala Heimisdóttir	2,80 m
7.	Auður Sesselja Jóhannesdóttir	2,69 m
8.	Eva Bragadóttir	2,58 m
9.	Ásdís Eva Magnúsdóttir	2,48 m
10.	Ásta Dís Ingimarsdóttir	2,48 m
11.	Karólína Þórbergisdóttir	2,12 m
12.	Svandís Sævarsdóttir	2,05 m
13.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	1,84 m
14.	Magnea Bragadóttir	1,48 m
15.	Ásta Björg Jónsdóttir	1,31 m

1.-4. bekkur strákar

1.	Benjamín Magnússon	5,74 m
2.	Hjalti Geir Jónsson	5,01 m
3.	Auðunn Ingi Davíðsson	4,52 m
4.	Oddur Olav Davíðsson	4,35 m
5.	Óskar Sigurðsson	3,95 m
6.	Viðar Hrafn Victorsson	3,85 m
7.	Helgi Reynisson	3,07 m
8.	Hjörleifur Rúnarsson	2,85 m
9.	Ingólfur Brynjar Ingólfsson	2,70 m
10.	Björgvin Sigurðsson	2,32 m
11.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	2,30 m
12.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	2,10 m
13.	Jón Oliver Rúnarsson	1,75 m

5.-7. bekkur

1.	Sæþór Atlason	8,48 m
2.	Unnsteinn Reynisson	7,66 m
3.	Símon Martinsson	6,23 m
4.	Sigurjón Reynisson	5,76 m

8.-10. bekkur (3 kg)

1.	Stefán Narfi Bjarnason	14,16 m
2.	Dagur Fannar Einarsson	8,38 m
3.	Jónatan Magnússon	7,90 m

400 m hlaup

1.-4 bekkur stelpur

1.	Soffía Náttól Andradóttir	1: 54 mín
2.	Karólína Þórbergsdóttir	2:02 mín
3.	Svandís Sævarsdóttir	2:13 mín
4.	Ásta Dís Ingimarsdóttir	2:18 mín
5.	Þórunn Sturludóttir	2:20 mín
6.	María Brá Baldursdóttir	2:25 mín
7.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	2:51 mín

1.-4. bekkur strákar

1.	Viðar Hrafn Victorsson	1:33 mín
2.	Hjalti Geir Jónsson	1:37 mín
3.	Auðunn Ingi Davíðsson	1:40 mín

4.	Oddur Olav Davíðsson	1:47 mín
5.	Helgi Reynisson	1:55 mín
6.	Ingólfur Brynjar Ingólfsson	2:06 mín
7.	Hjörleifur Rúnarsson	2:17 mín
8.	Óskar Sigurðsson	2:32 mín
9.	Jón Oliver Rúnarsson	2:34 mín
10.	Eyþór Bergmann Ingvarsson	2:39 mín
11.	Björgvin Sigurðsson	2:58 mín

5.-7. bekkur

1.	Daði Kolviður Einarsson	1:23 mín
2.	Sigurjón Reynisson	1:27 mín
3.	Sæþór Atlason	1:30 mín
4.	Unnsteinn Reynisson	1:39 mín
5.	Victor Örn Victorsson	1:47 mín
6.	Símon Martinsson	1:57 mín

8.-10. bekkur

1.	Dagur Fannar Einarsson	1:06 mín
2.	Stefán Narfi Bjarnason	1:14 mín

Glímuæfingar í Félagslundi

Glímuæfingar fyrir eldri iðkendur hefjast fimmtudagskvöldið 8. október og verða vikulega í vetur. Æfingarnar hefjast kl. 20.00 og standa í 1,5 klst. Opnar öllum 12 ára og eldri, reyndum sem óreyndum.

Þjálfari er Stefán Geirsson, nánari upplýsingar í síma 8676907.

Dagskrá mánaðarins

Æfing 8.-10 bekkur	6. október
Æfing 5.-7. bekkur	7. október
Glímuæfing	8. október
Hundur í óskilum í Þingborg	10. október
Prjónakvöld í Þjórsárveri	12. október
Æfing 8.-10 bekkur	13. október
Æfing 5.-7. bekkur	14. október
Glímuæfing	15. október
Hautfundur Kvenfélags Hraungerðishr	15. október
Hautfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	15. október
Æfing 8.-10 bekkur	20. október
Æfing 5.-7. bekkur	21. október
Glímuæfing	22. október
Hautfundur Kvenfélags Villingholtshr.	22. október
Söngkvöld í Þjórsárveri	24. október
Prjónakvöld í Þjórsárveri	26. október
Æfing 8.-10 bekkur	27. október
Æfing 5.-7. bekkur	28. október
Glímuæfing	29. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160